

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar frá 7. apríl sl. fjallað um málið. Í áætluninni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022, sem byggð er á fyrirliggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022 og skilyrðum hennar. Í áætluninni eru sett markmið fyrir öll málefnasvið og með því er ætlunin að skapa sem skýrast samhengi milli faglegra markmiða og þeirra fjármuna sem varið er til einstakra málefnasviða.

Fjárlaganefnd óskaði eftir að nefndin fjallaði um eftirfarandi málefnasvið: 02 Dómstólar, 09 Almanna- og réttaröryggi, 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála, 18 Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, 19 Fjölmíðlun, 20 Framhaldsskólastig, 21 Háskólastig og 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin á sinn fund Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra, Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra, Auði B. Árnadóttur, Ásdísi Jónsdóttur og Gísla Þór Magnússon frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Ingilín Kristmannsdóttur og Pétur Fenger frá innanríkisráðuneyti, Guðríði Arnardóttur og Steinunni Ingu Óttarsdóttur frá Félagi framhaldsskólakennara, Baldur Gíslason, Hjalta Jón Sveinsson og Stein Jóhannsson frá Skólameistarafélagi Íslands, Jón Atla Benediktsson og Guðmund R. Jónsson frá Háskóla Íslands, Friðu Björk Ingvarsdóttur frá Listaháskóla Íslands, Ara Kristin Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík, Eyjólf Guðmundsson frá Háskólanum á Akureyri, Erlu Björk Örnólfsdóttur frá Háskólanum á Hólum, Björn Þorsteinsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Hafstein Sæmundsson frá Háskólanum á Bifröst, Kristínu Völundardóttur og Helgu Jóhannesdóttur frá Útlendingastofnun, Pál Winkel og Jakob Magnússon frá Fangelsismálastofnun, Söndru Margræti Sigurjónsdóttur og Auðun F. Kristinsson frá Landhelgisgæslu Íslands, Jón F. Bjartmarz og Jónas Inga Pétursson frá Ríkislögreglustjóra og Helgu Þórisdóttur og Vigdísi Evu Líndal frá Persónuvernd.

Almennt um fjármálaáætlun og aðkomu fastanefnda.

Við umfjöllun málsins í nefndinni var almennt rætt um vinnubrögð og verklag að því er varðar þinglega meðferð fjármálaáætlunar. Meiri hlutinn bendir á að frestur fastanefnda þingsins til þess að skila umsögn um málið til fjárlaganefndar var mjög knappur og hefur það haft áhrif á umfjöllun nefndarinnar. Æskilegt er að fastanefndum gefist kostur á að fjalla ítarlegar um fjármálaáætlun með lengri umsagnarfresti í framtíðinni. Þá telur meiri hlutinn að huga þurfi almennt að aðkomu fastanefnda að umfjöllun um fjármálaáætlun og hvernig greining og meðferð áætlunarinnar skuli háttáð í fastanefndum. Aðkoma fastanefnda að fjármálaáætlun, þ.e. að greina hvort samhengi sé milli markmiða áætlunarinnar og þeirra fjármuna sem varið verður til ólíkra málefnasviða og veita fjárlaganefnd umsögn þar um, getur krafist sérfræðiaðstoðar og því telur meiri hlutinn mikilvægt að styrkja nefndasvið skrifstofu Alþingis. Þannig geti fastanefndir betur sinnt hlutverki sínu og sjálfstæðri greiningarvinnu.

Meiri hlutinn telur jafnframt mikilvægt að hugað verði að bættri framsetningu fjármálaáætlunar og sérstaklega að því er varðar framsetningu á tölum. Meiri hlutinn bendir á að í áætluninni eru sett fram rammasett útgjöld málefna sviða og að gert er ráð fyrir að ráðuneyti útfæri fjárheimildir í útgjaldarömmum málefna sviða niður á málaflokka sem og fjárveitingar til verkefna og stofnana sem munu birtast í fjárlagafrumvarpi ársins 2018. Í viðauka með fjármálaáætlun má finna umfjöllun um stefnumótun ákveðins málefna sviðs og málaflokka þess og er umfjöllun um málefna svið samræmd að vissu marki. Meiri hlutinn telur mikilvægt að í fjármálaáætlun birtist eftir því sem kostur er áætlaður kostnaður við einstaka aðgerðir sem stefna á að. Fyrir nefndinni var bent á að þörf er á samræmdum verklagsreglum um hvernig skuli áætla kostnað aðgerða í fjármálaáætlun. Þá telur meiri hlutinn æskilegt að í fjármálaáætlun verði sundurliðaður annars vegar rekstrarkostnaður og hins vegar kostnaður við einstakar fjárfestingar á tilteknu málefna sviði.

Áherslur allsherjar- og menntamálanefndar.

Á fundum nefndarinnar var farið yfir þau málefna svið sem óskað var eftir að nefndin fjallaði um en fjallað var sérstaklega um málefna svið 02 Dómstólar, 09 Almanna- og réttaröryggi, 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála, 20 Framhaldsskólastig og 21 Háskólastig.

Undir framangreind málefna svið falla stórir málaflokkar sem telja má til grunnstoda samfélagsins, m.a. dómstólar, löggæslu- og öryggisstofnanir og menntastofnanir. Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að stjórnvöld forgangsraði í ríkisrekstri í þágu grunnstoda samfélagsins. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að taka til skoðunar tiltekin atriði sem fjallað verður um í umsögn þessari.

02 Dómstólar.

Málefna sviðið skiptist í fjóra málaflokka, þ.e. Hæstarétt, héraðsdómstóla, landsrétt og dómstólasýsluna. Starfsemi málefna sviðsins nær í dag yfir dómstigin tvö þ.e. héraðsdómstóla og Hæstarétt Íslands. Á tímabili áætlunarinnar verður mikil breyting á dómstólaskipaninni þegar nýtt millidómstig, Landsréttur, tekur til starfa 1. janúar 2018 og verða dómstigin eftir það þrjú talsins. Þá bætist við málefna sviðið ný stjórnsýslustofnun dómstólanna, dómstólasýslan, og verður dómstólaráð lagt niður.

Fyrir nefndinni var rætt um markmið málefna sviðsins, útgjaldaramma þess og áhrif aðhaldsmarkmiða fjármálaáætlunar.

Meginmarkmið málefna sviðsins er að traust ríki til dómstóla með því að tryggja aðgangur að þeim sé greiður og málsmeðferð réttlát, sem og tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga. Í áætluninni kemur fram að unnið sé að dómstólaáætlun þar sem fram komi markmið, mælikvarðar og aðgerðir tengdar dómstólum. Með þeim breytingum sem verða á dómstólaskipaninni 1. janúar 2018 er m.a. stefnt að framangreindum markmiðum og fyrir nefndinni kom fram að gert hefði verið ráð fyrir fjármögnun Landsréttar í fjármálaáætlun. Ljóst er hins vegar að bæta þarf fjárframlög til dómstólasýslunnar eigi hún að vera fullmönnuð.

Í nefndinni var rætt um stöðu héraðsdómstólanna, m.a. um áform um að uppfæra málaskrá fyrir héraðsdómsstigið sem styður rafræna málsmeðferð en brýnt er að dómstigin þrjú auk ákærvalds, lögreglu og fullnustustofnana geti sameiginlega komið á rafrænni málsmeðferð. Til viðbótar við nýja málaskrá var rætt um rekstur þeirra en fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að fjárveitingar til héraðsdómstólanna eru að stærstum hluta launakostnaður og hafa dómstólarnir lítið svigrúm að því er varðar rekstrarfé, m.a. til þess að endurnýja aðstöðu, svo sem húsbúnað, í dómstólunum eða tölvubúnað. Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að héraðsdómstólarnir geti brugðist við nauðsynlegri endurnýjun í rekstri og

telur því að huga þurfi almennt að fjárveitingum til þeirra til að styrkja rekstrargrundvöll dómstólanna.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt um hvernig aðhaldsmarkmið áætlunarinnar hafa áhrif á útgjaldaramma málefnasviðsins. Fyrir nefndinni kom fram gagnrýni á að aðhaldsmarkmiðið skuli almennt eiga við um allan útgjaldaramma sviðsins þar sem undir málaflokka þess falla laun dómara sem eru lögbundin en Kjararáð ákveður laun dómara og önnur starfskjör. Meiri hlutinn telur rétt að þetta fyrirkomulag verði tekið til skoðunar, m.a. þar sem fyrirséð er fjölgun dómara á tímabilinu vegna breytinga á dómstólaskipan.

09 Almanna- og réttaröryggi.

Starfsemi málefnasviðsins skiptist í fimm málaflokka, þ.e. löggæslu, landhelgi, ákærvald og réttarvörslu, réttarástoð og bætur og fullnustumál.

Á fundum nefndarinnar var rætt um markmið málefnasviðsins, útgjaldaramma þess og áhrif aðhaldsmarkmiða fjármálaáætlunar. Unnið hefur verið með tvær stefnur á málefnasviðinu, þ.e. stefnu í almannavarnar- og öryggismálum fyrir árin 2015–2017 og vinna stendur yfir við réttaröryggisáætlun. Meginmarkmið þeirra er að skapa traust til stofnana, tryggja að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður og málsmeðferð réttlát og tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga.

Í áætluninni kemur fram að í útgjaldaramma málefnasviðsins er búið að byggja inn fyrir árin 2019–2022 framlög til kaupa á þremur nýjum þyrlum og til stendur að framlengja 400 millj. kr. framlagi, sem veitt var í fjárlögum 2017 til að styrkja lögregluna þannig að fjármögnun löggæsluáætlunar fyrir árin 2017–2020 verði tryggð. Fyrir nefndinni var rætt um að útgjaldasvigrúm á þessu málefnasviði væri hins vegar lítið. Áform á sviðinu væru hins vegar mörg og kostnaðarsöm.

Meiri hlutinn telur ástæðu til að fjalla sérstaklega um tvo málaflokka sem varða öryggismál þjóðarinnar, þ.e. löggæslu og landhelgi, m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna og breytinga á starfsumhverfi sem löggæsla og Landhelgisgæsla Íslands standa frammi fyrir.

Löggæsla.

Fyrir nefndinni var rætt um aukið viðbótarfjármagn sem veitt hefur verið til eflingar lögreglunnar frá 2013 en aukningin nemur um 34% eða ríflega 4,7 milljörðum kr. Þá stendur til að framlengja 400 millj. kr. framlagi sem veitt var í fjárlögum fyrir árið 2017 til þess að styrkja lögregluna.

Meiri hlutinn ítrekar þá afstöðu sína að forgangsraða þurfi í ríkisrekstrinum í þágu grunnstöða samfélagsins og telur brýnt að haldið verði áfram að auka fjárveitingar til löggæslu. Breytingar hafa orðið á starfsumhverfi lögreglu síðustu ár og á það bæði við um skipulagsbreytingar og breyttar aðstæður hér á landi, m.a. vegna fjölda ferðamanna, erlends vinnuafls og fjölgun hælisleitenda. Þörf er á að styrkja landamæragæslu lögreglu og m.a. uppfæra ný gagna- og upplýsingakerfi vegna aukinna alþjóðlegra krafna til landamæraeftirlits. Fyrir nefndinni var rætt um að fjölga þyrfti lögreglumönnum í eftirliti og útköllum, styrkja sérhæfðar deildir innan lögreglunnar og bæta búnað og þjálfun lögreglu.

Meiri hlutinn bendir á að þær skipulagsbreytingar að fækka lögregluembættum og aðskilja frá sýslumannsembættum miðaði að því að styrkja rekstrarumgjörð lögreglunnar en mögulega hafa áhrif breytinganna ekki enn komið fram. Með auknum fjárveitingum hefur staða lögreglunnar farið batnandi á undanförunum árum en ljóst er að ekki hefur tekist að vinda ofan af þeim niðurskurði sem lögreglan hefur sætt frá hrúni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að hugað verði að auknum fjárveitingum til lögreglu, m.a. vegna fækkunar lögreglumanna og aukins álags.

Landhelgi.

Líkt og á við um löggæslu stendur Landhelgisgæsla Íslands einnig frammi fyrir auknu álagi vegna fjölgunar ferðamanna og aukinni skipaumferð, m.a. á norðurslóðum og við Ísland. Þátttaka í erlendum verkefnum hefur verið hluti af verkefnum stofnunarinnar undanfarin ár vegna samdráttar í fjárveitingum en nú eru forsendur fyrir þátttöku í þessum verkefnum breyttar og minni líkur á að stofnunin muni sinna verkefnum af þessu tagi.

Á fundum nefndarinnar var rætt um hvernig Landhelgisgæsla Íslands getur haldið uppi nauðsynlegri þjónustu, þ.e. við eftirlit og aðstoð í landhelginni. Meiri hlutinn bendir á að útköllum vegna innlendra og erlendra ferðamanna í vandræðum á landi hefur jafnframt fjölgað mikið á undanförunum árum. Í útgjaldaramma málefna sviðsins hefur verið gert ráð fyrir framlögum á árunum 2019–2022 til kaupa á þremur nýjum þyrlum en þær gegna lykilhlutverki í leit og björgun á sjó og landi. Fyrir nefndinni kom hins vegar fram að fjárhagslegt svigrúm til fjölgunar áhafna á þyrlur og varðskip er lítið. Á fundum nefndarinnar var rætt um markmið og mælikvarða sem fram koma í áætluninni, en til að tryggja lágmarksöryggi á hafi miðað við áhættu- og þarfagreiningu Landhelgisgæslu Íslands telur stofnunin nauðsynlegt að hafa tvær þyrlur með tveimur áhöfnum til taks allt að 95% ársins, tvö varðskip á sjó hverju sinni og eftirlits- og björgunarflugvél til taks 95% ársins. Af áætluninni er ljóst að þessum viðmiðum verður ekki náð. Meiri hlutinn telur því að huga þurfi að fjárveitingum til stofnunarinnar og undirstrikar mikilvægi þess að Landhelgisgæsla Íslands geti haldið uppi viðunandi þjónustu þar sem öryggi fólks á hafi og í landi er í húfi.

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála.

Starfsemi málefna sviðsins skiptist í fimm málaflokka, þ.e. persónuvernd, útlendingamál, trúmál, sýslumenn og stjórnsýsla dómsmála. Fyrir nefndinni var rætt um markmið málefna sviðsins, útgjaldaramma þess og áhrif aðhalds markmiða fjármálaáætlunar þar sem fram kom að útgjaldasvigrúm á sviðinu væri mjög takmarkað.

Meiri hlutinn telur ástæðu til að fjalla sérstaklega um tvo málaflokka, þ.e. persónuvernd og útlendingamál, m.a. vegna yfirvofandi breytinga á starfsemi og hlutverki Persónuverndar með gildistöku nýrrar Evrópureglugerðar á sviði persónuverndar annars vegar og auknum fjölda hælisleitenda hins vegar. Samhliða því að verið er að auka framlög til útlendingamála virðist sem ekki verði mögulegt að auka fjárveitingu til Persónuverndar eins og gert er ráð fyrir í gildandi áætlun.

Persónuvernd.

Fjármögnun og fjöldi stöðugilda hjá Persónuvernd hefur ekki haldist í hendur við þróun í málafjölda og aukningu á verkefnum stofnunarinnar. Þannig voru framlög til stofnunarinnar 103,6 millj. kr. árið 2016 sem er svipað framlag að raungildi og árið 2003. Framundan eru verulegar breytingar á hlutverki og starfsemi stofnunarinnar. Ný reglugerð um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ((ESB) 2016/679)) mun koma til framkvæmda í maí 2018. Fyrirhugaðar lagabreytingar eru viðamiklar og verði ekki brugðist við þeim með auknum fjárveitingum til stofnunarinnar er hætt á að hagsmunir einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana skerðist og að íslenska ríkið muni ekki standa undir skuldbindingum sem það hefur undirgengist með EES-samningum. Þannig þarf að fjölga starfsfólki og styrkja sérþekkingu hjá stofnuninni.

Meiri hlutinn bendir á að í gildandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til stofnunarinnar. Fyrir nefndinni var rætt um að huga þurfi að því að ekki birtist aftur viðsnúningur sem þessi á fjárveitingum til tiltekins málaflokks þar sem allar áætlanir og undirbúningur vegna nýrrar löggjafar gerir ráð fyrir auknum framlögum.

Meiri hlutinn undirstrikar nauðsyn þess að stofnuninni verði gert kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu og bregðast við breytingum á starfsemi og hlutverki stofnunarinnar sem fyrrséðar eru vegna nýrrar Evrópulöggjafar á sviði persónuverndar.

Útlendingamál.

Meiri hlutinn bendir á að mikilvægt er að tryggja skilvirka og hraða málsmeðferð í umsóknum hælisleitenda þar sem mannúðarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Meiri hlutinn leggur áherslu á að stjórnvöld setji sér skýr markmið og bæti verklag að því er varðar hraða málsmeðferðar en bendir jafnframt á að gerðar hafa verið lagabreytingar sem miða að því að draga úr tilhæfulausum umsóknum.

Fyrir nefndinni var rætt um að stefnt sé að því að byggja inn í útgjaldaramma sviðsins tiltekið framlag til útlendingamála til þess að mæta fjölgun hælisleitenda og til þess að tryggja ásættanlegan málshraða við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Meiri hlutinn telur þetta til bóta en bendir á að áætlunin miðar við að fjöldi hælisleitenda verði árlega um 700 og bendir á að árið 2016 barst áður óþekktur fjöldi umsókna um vernd en í lok árs voru framlagðar umsóknir 1132. Útlendingamál eru að miklu leyti óviss útgjaldaflokkur þar sem erfitt er að segja fyrir um hvernig hann þróast, m.a. vegna fjölda hælisleitenda.

Vegna þróunar í málaflokknum telur meiri hlutinn mikilvægt að skoðað verði hvort áætlanir um fjölda hælisleitenda séu raunhæfar. Þrátt fyrir að erfitt sé að spá nákvæmlega fyrir um fjölda hælisleitenda og umsókna á hverju ári leggur meiri hlutinn áherslu á að dregið verði úr óvæntum útgjöldum í málaflokknum.

Jafnframt var rætt um að taka þurfi til skoðunar hvort æskilegt sé að þessi málaflokkur verði sérstakt málefnasvið, m.a. vegna óvissu um hvernig hann muni þróast. Vegna kostnaðar við fjölgun umsókna um alþjóðlega vernd er lítið útgjaldasvigrúm á málefnasviðinu. Í því samhengi var m.a. rætt um hvernig háttað er fyrirkomulagi á fjármögnun til útlendingamála m.a. í Noregi og hvernig brugðist er við óvæntum útgjöldum í útlendingamálum þar. Í nefndinni var rætt um að óvissan sem fylgir málaflokknum getur bitnað á öðrum málaflokkum innan sviðsins og telur meiri hlutinn því mikilvægt að kannað verði hvort hægt sé að gera breytingar á málefnasviðinu í þessa veru.

Almennt um framhaldsskóla- og háskólastig.

Við umfjöllun nefndarinnar um málefnasvið 20 Framhaldsskólastig og 21 Háskólastig kom fram að almennt ríkir samkomulag um mikilvægi þess að byggja upp öflugt menntakerfi þar sem nemendur geta valið úr fjölbreyttum möguleikum til þess að finna nám við sitt hæfi. Hins vegar er ljóst að menntakerfið í heild, þ.e. grunnstig, framhaldsskólastig og háskólastig, hefur glímt við erfiða fjárhagslega stöðu en einnig var rætt um að ólík skólastig standa frammi fyrir skipulagslegum vanda.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að hlúð verði að menntastofnunum þar sem þær eru hluti grunnstoða samfélagsins. Auknar fjárveitingar eru nauðsynlegar til að styrkja innviði skólanna og nauðsynlega endurnýjun á aðstöðu þeirra. Hins vegar bendir meiri hlutinn á að vandi skólanna verður ekki aðeins leystur með auknum fjárframlögum heldur þarf að huga að skipulagningu skólakerfisins til framtíðar. Í því samhengi leggur meiri hlutinn áherslu á að lítið verði til þeirra tækifæra sem geta falist í aukinni samvinnu milli skóla eða sameiningar þeirra. Samvinna eða sameining getur bæði falið í sér aukna hagkvæmni í rekstri skóla en getur einnig skilað sér í betri gæðum í kennslu og fjölbreyttara námsframboði fyrir nemendur.

20 Framhaldsskólastig.

Málefnasviðið skiptist í fjóra málaflokka, þ.e. framhaldsskóla, tónlistarfræðslu, vinnustaðanáám og styrki og jöfnun námskostnaðar. Í áætluninni kemur fram að framlög til

framhaldsskólasviðsins verði nær óbreytt árið 2018 að raungildi en lækki lítillega eftir það eða um 0,6% árlega sem svarar til 630 millj. kr. samtals á árunum 2018–2022. Lækkun framlaga til framhaldsskólastigsins er til komin vegna almennrar aðhaldskröfu sem fjármálaáætlunin gerir ráð fyrir að verði gerð á allan rekstur. Áætlunin gerir hins vegar ráð fyrir að framlög á hvern nemenda verði aukin árlega um sem nemur um 3–5% að raunvirði og verði líðlega 1,6 millj. kr. að jafnaði, á verðlagi fjárlaga 2017. Hagræði í rekstri sem leiðir af styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú er ætlað styrkja rekstrargrunn framhaldsskóla og gera þeim kleift að innleiða breytingarnar.

Á fundum nefndarinnar var rætt um markmið á málefnasviðinu, m.a. að fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma, að nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi og að nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.

Rætt var um áhrif endurskipulagningar náms til stúdentsprófs en meiri hlutinn leggur áherslu á að framhaldsskólastigið verði eftt samhlíða því að stytting námstímans er innleidd. Meiri hlutinn leggur áherslu á að það fjármagn sem verður til í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs, þ.e. sparnaðurinn, þarf að nýtast skólunum sjálfum.

Jafnframt var rætt um að á síðustu árum hefur framhaldsskólanemendum fækkað og búist er við áframhaldandi fækkun, m.a. vegna minni árganga, til ársins 2020. Til að bregðast við því og auknu brottfalli nemenda úr framhaldsskólum leggur meiri hlutinn áherslu á að fylgt verði eftir þeim aðgerðum sem fjallað er um í áætluninni um að endurskipuleggja námstíma í framhaldsskólum og námsbrautir og auka samstarf milli skóla og atvinnulífs. Í því sambandi leggur meiri hlutinn áherslu á að nauðsynlegt er að fjölga nemendum í verk- og iðnnámi. Meiri hlutinn telur hins vegar brýnt að hugað verði að því að verk- og iðnnám er kostnaðarsamt nám og mikilvægt að gæta að því að aðhaldskröfur bitni ekki á gæðum námsins.

20 Háskólastig.

Málefnasviðið skiptist í þrjú málaflokka sem eru háskólar, rannsóknarstofnanir á háskólastigi og stuðningur við námsmenn.

Í áætluninni kemur fram að gert er ráð fyrir að framlög til háskólastigsins verði aukin úr um 41,6 ma. kr. á árinu 2017 í ríflega 44 ma. kr. á áætlunartímabilinu. Áformaðar eru byggingarframkvæmdir við Hús íslenskra fræða og áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar er 3,7 ma. kr. á árunum 2017–2021 en þegar hafa fallið til 600 millj. kr. vegna hönnunar og fyrra útboðs í verkið.

Nefndin fjallaði einkum um stöðu háskólanna og fjármögnun þeirra en í áætluninni kemur fram að fjármögnun háskóla hafi ekki fyllilega fylgt eftir breyttri stöðu og hlutverki þeirra. Rætt var um að framlag ríkisins til háskóla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu sé svipað því sem gerist að jafnaði í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) en að heildarframlag, þ.e. ríkisframlag og sértekjur, á hvern háskólanema hér á landi sé töluvert lægra en þau lönd sem við berum okkur saman við og erum í samkeppni við að því er varðar háskólanám, m.a. Norðurlöndin. Meiri hlutinn leggur áherslu á að taka þurfi til athugunar fjármögnun háskólanna og hvernig megi bæta stöðu þeirra enda sé það íslensku samfélagi mikilvægt að hér starfi öflugir háskólar sem styðji við atvinnulífið, nýsköpun og samfélagsumræðu. Í því samhengi þarf að horfa til þess að núverandi fyrirkomulag fjármögnunar háskólanna hefur falið í sér mikinn hvata fyrir þá að vaxa að umfangi og hafa þeir náð verulegum árangri á því sviði. Til framtíðar þarf að leggja aukna áherslu á gæði í stað vaxtar og að hér starfi öflugar háskólastofnanir sem hafi fjárhagslega og faglega burði til að sinna hlutverki sínu.

Meiri hlutinn bendir hins vegar á að háskólarnir eru í ólíkri stöðu til þess að bregðast við fjárhagsvanda, m.a. með tilliti til þess hvort um er að ræða opinbera háskóla. Í því samhengi ræddi nefndin m.a. um aðgangsstýringar í háskólakerfinu, en þær eru t.d. meiri annars staðar

á Norðurlöndum, og hvernig megi tryggja gæði í háskólakerfinu, þ.e. að kennsla og námsgráður frá innlendum háskólum séu af sambærilegum gæðum og því sem best gerist erlendis. Eitt markmiða málefnasviðsins er að auka gæði í starfsemi háskóla og telur meiri hlutinn mikilvægt að áherslum og aðgerðum vegna þessa verði fylgt vel eftir.

Alþingi, 4. maí 2017

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Nichole Leigh Mosty.

Vilhjálmur Árnason.

Pawel Bartoszek.

Valgerður Gunnarsdóttir.